

FJÓRAR GERÐIR SPURNINGA

Question-Answer Relationship (QAR)

Aldurshópur

Mið- og unglingastig

Um aðferðina

„QAR“ aðferðin auðveldar nemendum að átta sig á ólíkum gerðum spurninga og leiðbeinir þeim um hvar svör er að finna við þeim úr texta. Ekki eru öll svör gefin beint upp í textanum heldur þarf stundum gagnrýna hugsun til að finna svörin sem ekki standa berum orðum. Eins geta nemendur þurft að styðjast við eigin bakgrunnsþekkingu til að finna svörin.

Aðferðin er einföld og gagnreynd og felur í sér skilgreiningu á fjórum megingerðum spurninga:

- 1. Einmitt þarna!** Spurningar þar sem svarið er að finna berum orðum í textanum.
- 2. Hugsaðu og leitaðu!** Spurningar þar sem svarið er að finna í textanum en á fleiri en einum stað.
- 3. Höfundurinn og þú!** Til að svara þessari gerð spurninga þarf bæði að finna upplýsingar, sem e.t.v. standa ekki berum orðum í textanum, en jafnframt að vega og meta upplýsingarnar. Í þessum spurningum er „réttu svarið“ fólgið í rökum sem finnast í textanum og rökum lesarans.
- 4. Aðeins þú sjálfur!** Spurningar sem krefja lesarann um að mynda sér skoðun á textanum með því að styðjast við eigin bakgrunnsþekkingu.

Of oft notum við einungis fyrstu tvær gerðir spurninganna með nemendum okkar. Með því að spyrja opinna spurninga (gerð 3 og 4) þá hvetjum við til gagnrýnnar hugsunar og eflum þannig sjálfstæði og skilning hjá nemendum okkar í lestri.

Markmið aðferðar

- Að gera nemendur meðvitaða um eðli lesskilnings.
- Að kenna nemendum að hugsa ekki bara um textann heldur líka um það sem liggur að baki honum.
- Að hjálpa nemendum að tengja það sem þeir lesa við það sem þeir kunna nú þegar.
- Að hvetja nemendur til að vakta eigin lesskilning.
- Að kenna nemendum að spyrja spurninga við lestur og hvar má finna svör við þeim.

Framkvæmd

1. Kennari útskýrir fyrir nemendum að flokka megi þær spurningar sem spurðar eru úr texta í fjórar megingerðir. Kennari útskýrir því næst allar fjórar gerðirnar og gefur dæmi um þær. Vega og meta þarf hvort allar gerðir spurninganna séu kenndar í sömu kennslustundinni eða hvort þeim sé dreift á fleiri kennslustundir.
2. Kennari les stuttan texta fyrir nemendur.
3. Eftir lestur textans les kennarinn upp spurningar sem hann er búinn að undirbúa áður og sýnir/segir nemendum hvernig hann finnur út af hvaða gerð hver spurning er.
4. Því næst sýnir kennari nemendum hvernig hann finnur upplýsingar til að svara spurningunum (t.d. í textanum, út frá eigin reynslu o.s.frv.). Kennarinn endurtekur ferlið þar til hann er öruggur um að nemendur skilji vel ólíkar gerðir spurninga og hvernig þeir geta fundið svörin.
5. Þá er komið að nemendum að spreyta sig. Kennari leiðbeinir þeim með því að lesa stuttan texta og spyr spurninganna sem fylgja honum. Síðan spreyta nemendur sig á að skilgreina hvaða gerð af spurningum þetta eru og finna svörin við þeim. Upplagt er að láta nemendur vinna í pörum eða í litlum hópum en kennarinn gengur á milli og hvetur til umræðna og aðstoðar eftir þörfum.
6. Eftir að nemendur hafa æft ferlið í nokkur skipti þá er tilvalið að leyfa þeim að spreyta sig á að búa til mismunandi gerðir spurninga. Þeir fá þá texta til að vinna með án spurninga en fyrirmælin eru þau að búa til ákveðinn spurningafjölda af hverri gerð.


Fjórar gerðir spurninga

Yfirlit

Í textanum ...

Einmitt þarna!

*Hvar í heiminum
eru stærstu
regnskógarnir?*



Svarið við „einmitt þarna“ spurningum er að finna beinum orðum í textanum. Orðin í spurningunni er oftast að finna í setningunni þar sem þú finnur svarið.

Í textanum ...

Hugsaðu og leitaðu!

*Í hvaða tvo flokka
má skipta
landafræðinni
og hver er munurinn
á þeim flokkum?*



Svarið við „hugsaðu og leitaðu“ spurningum er að finna í textanum. Svarið er samsett úr fleiri en einni setningu sem geta verið á mismunandi stað í textanum.

Rökin þín eða skoðun þín ...

Höfundurinn og þú!

*Hvað getum við
gert til að
vernda
auðlindir?*



Svarið við „höfundurinn og þú“ spurningum er ekki að finna beinum orðum í textanum. Þú verður að vega og meta upplýsingar úr textanum og nota það sem þú veist um viðfangsefnið.

Rökin þín eða skoðun þín ...

Aðeins þú sjálfur!

*Hvernig skilurðu
hugtakið
sjálfbær þróun?*



Svarið við „aðeins þú sjálfur“ spurningum er ekki að finna í textanum. Þú verður að leita í þínar eigin bakgrunnsupplýsingar eða mynda þér skoðun á viðfangsefninu út frá eigin sannfæringu.